



SKATTRANNSÓKNARSTJÓRI
RÍKISINS

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
101 REYKJAVÍK

TILVÍSUN

DAGSETNING

BK/eeg/16/0768

18.05.2016

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um rannsókn á aflandsfélögum Íslendinga og skattundanskotum, þskj. 1152, 711. mál.

Skattrannsóknarstjóra ríkisins hefur borist tölvupóstur frá stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis, 10. maí 2016, þar sem óskað er umsagnar um tillögu til þingsályktunar um rannsókn á aflandsfélögum Íslendinga og skattundanskotum, þingskjal 1152, 711. mál. Af því tilefni er stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis látin í té svohljóðandi

u m s ö g n:

Tillagan felur í sér tvenns konar ályktanir. Annars vegar kveður hún á um skipan rannsóknarnefndar skv. 1. gr. laga nr. 68/2011, sem ætlað er að rannsaka fjölda og starfsemi félaga sem tengjast íslenskum aðilum, einstaklingum og lögaðilum, og eru í skattaskjólum sem skilgreind hafa verið sem slík af Efnahags- og framfarastofnuninni, OECD, og íslenskum stjórnvöldum. Hins vegar kveður ályktunin á um að fjármála- og efnahagsráðherra skuli falið að stofna sérstakan rannsóknarhóp sem fari yfir og meti skattundanskot og aðra ólögsmæta starfsemi, svo sem peningaþvætti, sem kunni að hafa átt sér stað með aflandsfélögum og byggist á upplýsingum og niðurstöðum rannsóknarnefndarinnar.

Vegna síðari tillögunnar skal frá því greint að fjármála- og efnahagsráðuneytið hefur nú ekki alls fyrir löngu óskað eftir tilnefningu fulltrúa frá embætti skattrannsóknarstjóra til setu í starfshóp um mótun aðgerðaráætlunar gegn skattsvikum og skattaskjólum sem ráðuneytið hefur ákveðið að kalla saman. Er starfshópnum ætlað að móta tillögur að breytingum á lögum, reglugerðum eða verklagsreglum sem mynda munu einn áfanga að aðgerðaráætlun íslenskra stjórnvalda gegn skattsvikum og nýtingu skattaskjóla almennt. Í fréttatilkynningu frá ráðuneytinu þann 29. apríl 2016, þar sem m.a. er skýrt frá fyrirhugaðri stofnun nefnds starfshóps, kemur jafnframt fram að ráðuneytið undirbúi sérstakt mat á umfangi fjármagnstilfærslna og undanskota á aflandssvæðum sem nýtast muni til að áætla tekjutap hins opinbera af slíkri starfsemi um leið og fjárhagsleg þýðing þess að unnið sé gegn undanskotum verði staðfest, eins og þar er tiltekið.

Þar eð nefndur starfshópur hefur ekki enn komið saman er nánari útfærsla á verkefnum hans ekki fyllilega ljós á þessu stigi. Auk tillagna að breytingum á lagaumgjörðinni má ætla að verkefni hans verði jafnframt að fara yfir verklag við úrvinnslu þeirra gagna sem skattyfirvöld hafa nú þegar undir höndum og mögulegar leiðir til að ná utan um önnur skattundanskot en þau sem unnt er að henda reiður á með úrvinnslu þeirra gagna er skattyfirvöld hafa þegar í



sínum forum. Í munnlegri skýrslu fjármála- og efnahagsráðherra um aðgerðir stjórnvalda vegna aflandsfélaga á Alþingi þann 4. maí sl. kom m.a. fram að ráð væri fyrir því gert að greið leið væri frá efnahags- og viðskiptanefnd til starfshópsins og nefndin fengi um það upplýsingar með hvaða hætti starfshópurinn hyggist nálgast verkefnið og hefði jafnframt tækifæri til að leggja inn í starf hópsins.

Samkvæmt eðli máls eru verkefni skattfyrivalda tengd aflandsfélögum fyrst og fremst í því fólgin að leita leiða til að ná utan um skattundanskot sem kunna að hafa átt sér stað í gegnum slík félög með það að markmiði að ná undandregnum tekjum í ríkissjóð og eftir atvikum að hlutast til um viðeigandi refsimeðferð vegna ætlaðra brota. Tekur verksvið ofangreinds starfshóps sem fjármála- og efnahagsráðuneytið er að koma á fót eðlilega einkum af þessu mið.

Reynsla skatttrannsóknarstjóra varðandi rannsóknir mála er snerta aflandsfélög sýnir að jafnhliða þeim tilvikum sem lokið er með rannsóknum þar sem upplýst er um undanskot og sem þá í kjölfarið leiðir til viðeigandi endurálagningar skatta og refsimeðferðar, er ávallt þó nokkur fjöldi tilvika sem skoðun eða rannsókn leiðir til annars tveggja; að ekki hafi verið um undanskot tekna að ræða, eða rannsókn verði að fella niður sökum skorts á gögnum. Gildir þetta hvort heldur sem horft er til þeirra mála er verið hafa til rannsóknar hjá skatttrannsóknarstjóra undanfarin ár, eða til þeirra mála sem nú eru til meðferðar. Aðgerðir skattfyrivalda og þá sér í lagi sé horft til þeirra mála einvörðungu þar sem leidd hafa verið í ljós skattundanskot, geta því aldrei upplýst að fullu um umfang notkunar aflandsfélaga né gefið nema takmarkaða mynd af tilgangi stofnunar og notkunar þeirra. Sé vilji til þess af hálfu Alþingis að fá upp heildstæða mynd af notkun aflandsfélaga um og eftir hrun og þýðingu þess fyrir íslenskt samfélag í stærra samhengi, telur skatttrannsóknarstjóri að skipan rannsóknarnefndar skv. 1. gr. laga nr. 68/2011 eins og til er lögð í umræddri þingsályktunartillögu geti verið vel til þess fallin. Að öðru leyti telur skatttrannsóknarstjóri að starfshópi þeim sem þegar hefur verið hlutast til um að koma á fót af hálfu fjármála- og efnahagsráðuneytisins og hér hefur verið vikið að, sé hugað að meginstefnu til svipað hlutverk og ætla megi að felist í síðari tillögu þingsályktunartillögunnar, þ.e. um stofnun rannsóknarhóps. Á þessu er þó sá fyrirvari að þar sem starfshópurinn hefur ekki enn komið saman eru nánari viðfangsefni hans ekki fyllilega ljós að svo stöddu eins og áður segir. Kann einnig svo að verða að verkefni hans með einum eða öðrum hætti kynnu að skarast á við verkefni sem rannsóknarnefnd skv. lögum nr. 68/2011 væri ætlað að fjalla um.

Virðingarfyllst,

Bryndís Kristjánsdóttir,
skatttrannsóknarstjóri